

## Samþykktir fyrir Beint frá býli – félag heimavinnsluaðila

### 1. grein

Félagið heitir Beint frá býli – Félag heimavinnsluaðila, skammstafað BFB.

Heimili og varnarþing er heimili formanns hverju sinni. Starfssvæði félagsins er allt Ísland.

### 2. grein

Tilgangur félagsins er að hvetja til heimavinnslu og sölu, einnig vinna að hagsmunum þeirra bænda sem stunda eða hyggjast stunda hverskonar framleiðslu og sölu á heimaunnum afurðum. Meginmarkmið félagsins er að tryggja neytendum gæðavörur þar sem öryggi og rekjanleiki vöru er í fyrirrúmi. Félagið skal einnig hvetja til varðveislu hefðbundinna framleiðsluaðferða og kynningar á svæðisbundnum hráefnum og hefðum í matargerð öllum neytendum til heilla og hagsbóta.

### 3. grein

Rétt til aðildar að félaginu hafa þeir einstaklingar og lögaðilar sem stunda eða hyggjast stunda framleiðslu og sölu á heimaunnum afurðum á lögbýlum. Sé um lögaðila að ræða skal tilkynna stjórn hver sé þar forsvarsmaður. Styrktaraðilum er heimil þátttaka með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar á aðalfundi. Stjórn félagsins er heimilt að taka við frjálsum framlögum fjármuna frástyrktarfélögum og velunnurum sínum.

### 4. grein

Félagið innheimtir félagsgjald, sem skal ákveða á aðalfundi. Hafi félagi ekki gert upp árgjald liðins almanaksárs, fyrir aðalfund, skoðast það sem úrsögn úr félaginu.

Óski félagi úrsagnar úr félaginu, skal það gerast skriflega.

### 5. grein

Stjórn félagsins skipa 5 stjórnarmenn og skulu þeir kjörnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnarmenn geta mest setið í 3 kjörtímabil í senn en geta tekið kjöri á ný eftir árs hlé. Að loknu kjöri aðalmanna í stjórn skulu 2 varamenn kjörnir til þriggja ára. Varamenn fá sendar fundargerðir. Kjörnir skulu 2 skoðunarmenn reikninga úr hópi félagsmanna.

### 6. grein

Aðalfund félagsins skal halda fyrir apríllok ár hvert. Skal fundurinn auglýstur opinberlega og jafnframt boðaður öllum félagsmönnum í tölvupósti með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Sérhver félagsmaður (forsvarsmaður lögaðila, ef um slíkan er að ræða) fer með eitt atkvæði á aðalfundi. Aðalfundur er lögmætur sé hann sannanlega auglýstur með löglegum fyrirvara. Reikningsárið er almanaksárið.

Dagskrá aðalfundar:

1. Fundarsetning.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Ávörp gesta.
4. Erindi:
5. Skýrsla formanns (stjórnar) félagsins um starfsemi á liðnu ári..
6. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár lagðir fram til afgreiðslu. Umræður um skýrslu formanns og reikninga.
7. Breytingar á samþykktum BFB.
8. Kosning aðalstjórnar og varastjórnar.
9. Kosning tveggja skoðunarmanna.
10. Árgjald ákveðið.
11. Önnur mál sem félagið varðar.

7. grein

Samþykktum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins og þarf til þess 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna.

8. grein

Stjórn og vefstjóra er óheimilt að setja vörur sem þurfa starfsleyfi af einhverju tagi á heimasíðu eða í bæklinga nema fyrir liggi staðfesting frá starfsleyfisgjafa.

9. grein

Félaginu verður ekki slitið nema að 2/3 hlutar mættra félaga á aðalfundi samþykki og skal tillaga að slitum auglýst sérstaklega í fundarboði. Skulu eigur þess renna til góðgerðamála. Síðasti aðalfundur BFB ákveður til hvaða góðgerðamála eigum félagsins verður ráðstafað.

Samþykkt á stofnfundi Beint frá býli – Félags heimavinnsluaðila þann 29. febrúar 2008.

Breytt á aðalfundi 26. mars 2011.

Breytt á aðalfundi 28. apríl 2017

Breytt á aðalfundi 21. Nóv. 2020